

SKRÁ

155

yfir hlutafjelög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1926.

1. H.f. Dráttarbraut Vestmannaeyja.
2. H.f. Sindri, fiskiveiðafjelag, Hafnarfirði.

SKRÁ

156

yfir samvinnufjelög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1926.

1. Kaupfjelag Króksfjarðar, Króksfjarðarnesi.
2. Kaupfjelagið Bjarmi, Vestmannaeyjum.


AUGLÝSING

157

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík
um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1926.

Skrás. 1926, nr. 1.

Tilkynt 18. desbr. 1925, kl. 3 síðd. af Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, mjólkur- og vöruverslun, Reykjavík, og skrásett 7. janúar 1926.



Ferhyrndur miði, þar sem sjest mynd af íslenskum sveitabæ með fjöllum í baksýn, en fyrir ofan þau stendur orðið: NORÐURLJÓS. Undir myndinni standa orðin: Paraffinsmurðar eldspítur. Myndin er prentuð á gulan grunn í bláum og svörtum lit.

Merkið er skrásett fyrir eldspítur.

157

Skrás. 1926, nr. 2.

Tilkynnt 27. janúar 1926. kl. 12 á háð., af Pro-phy-lac-tic Brush Company, verksmiðjurekstur, Northampton, Massachusetts, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 4. febrúar s. á.




Gul, ílöng pappaaskja, með mynd af tannbursta á einni hliðinni, hvítum á svörtum grunni. Á tannburstann eru letruð orðin: Pro-phy-lac-tic, með svörtu letri. Á sömu hlið og burstamyndin, fyrir ofan hana, eru prentuð sömu orðin, með rauðu letri. Neðan undir burstamyndinni standa orðin: THE CORRECT BRUSH, með svörtu letri. Á annari hlið pappaöskjunnar eru orðin: Pro-phy-lac-tic, með rauðu letri, og í sömu línu orðin: Tooth Brush, með svörtu letri, en í næstu línu fyrir neðan, á sömu hlið öskjunnar, standa orðni: „A CLEAN TOOTH NEVER DECAYS.“

Samkvæmt tilkynningu 2. apríl 1925, er merkið skrásett í Washington 20. október s. á. fyrir tannbursta, 29. flokki, strákústa, bursta og ryksópa.

Skrás. 1926, nr. 3.

Tilkynnt 2. febrúar 1926, kl. 11 árd., af The Palmolive Company, sápu-gerð og verslun, Chicago, Illinois, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 16. s. m.




Ferstrendur miði með sneiddum hornum og þverbandi, sem á stendur orðið: PALMOLIVE. Venjulega er miðinn grænn, bandið svart og stafirnir gyltir.

Samkvæmt tilkynningu 22. desbr. 1924, er merkið skrásett í Washington 17. nóvbr. 1925 fyrir handsápu og raksápu, bæði í fastri mynd, sem duft og sem vökvi.

Skrás. 1926, nr. 4.

Tilkynt 2. febrúar 1926, kl. 11 árd., af A/S Levanger Melkefabrik, verslun, Levanger í Noregi, og skrásett 16. s. m.

157



Á ferstrendum, aflöngum miða er í skrautumgerð sýnd mynd af klausturbyggingum með trjágarði umhverfis, en á bandi, fyrir ofan myndina standa orðin: „CLOISTER BRAND“.

Samkvæmt tilkynningu 13. júní 1925, er merkið skrásett í Oslo 9. oktbr. s. á. fyrir niðursoðnar matvörur.

Skrás. 1926, nr. 5.

Tilkynt 20. febrúar 1926, kl. 12 á h. af Nestle and Anglo-Swiss Condensed Milk Co., Verksmiðjurekstur, London á Englandi, og skrásett 27. s. m.

NESTLÉ'S



Orðið: NESTLÉ'S, og þar fyrir neðan eikargrein með hreiðri og og fuglum í.

Samkvæmt tilkynningu 17. febrúar 1910, er merkið skrásett í London 12. júlí s. á. fyrir niðursoðna mjólk, mjólkur-matvæli, súkkulaði, kókó, súkkulaðis-sælgæti og önnur matvæli, búin til úr kókó, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 17. febr. 1924.

Skrás. 1926, nr. 6.

Tilkynnt 20. febrúar 1926, kl. 12 á h., af sama, og skrásett 27. s. m.



Á ferstrendum miða stendur í miðju, milli orðanna: „IDEAL“ og „BRAND“, orðið: IDEAL, dregið með skrautlettri. Þar fyrir ofan og neðan standa ummæli um vöruna, en efst á miðanum standa orðin: IDEAL MILK, og neðst nafn og heimilisfang framleiðanda.

Sæmkvæmt tilkynningu 7. maí 1921, er merkið skrásett í London 3. septbr. s. á., 42. flokki, fyrir mjólk.

Skrás. 1926, nr. 7.

Tilkynnt 20. febrúar 1926, kl. 12 á h., af sama, og skrásett 27. s. m.




Innan í ferstrendri skrautumgerð sjest á ljósum grunni mynd af víkingaskipi á siglingu, en fyrir ofan standa orðin: Full Cream and Pure, og fyrir neðan stendur: UNSWEETENED. Á efra borði skrautumgerðarinnar standa orðin: VIKING og MILK, en á skábandi milli þeirra orðið: Condensed, og á neðra borðinu stendur nafn og heimilisfang framleiðanda, en til beggja hliða standa ummæli um vöruna.

157

Samkvæmt tilkynningu 4. apríl 1919, er merkið skrásett í London 21. júlí s. á., 42. flokki, fyrir niðursoðna mjólk.

Skrás. 1926, nr. 8.

Tilkynnt 2. desember 1925, kl. 3 síðd., af Det Danske Petroleum Aktieselskab, verslunarfjelag, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 5. mars 1926.



Mynd af dælu, sem tvær hendur halda um, en úr dælunni er þeytt vökva á hóp skordýra.

Samkvæmt tilkynningu 20. oktbr. 1925, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 31. s. m., fyrir vökva og duft til útrýmingar skordýra á ýmsum stígum, svo og til hreinsunar, sóttahreinsunar og til að ná burt óþef, dælur, sprautur og önnur taki til að dreifa með slíkum vökvum og dufti, svo og hylki til geymslu þeirra, umbúðir við sendingu og allskonar prentað mál og auglýsingar viðvíkjandi notkun þeirra.

Skrás. 1926, nr. 9.

Tilkynt 2. desember 1925, kl. 3 síðd., af Aktieselskabet Freia Chocolate Fabrik, verksmiðjurekstur og verslun, Oslo í Noregi, og skrásett 5. mars 1926.

ÞINGVALLA

Orðið: ÞINGVALLA.

Samkvæmt tilkynningu 27. maí 1925, er merkið skrásett í Oslo 8. oktbr. s. á., fyrir súkkulaði, kókó, konfekt, brjóstsykur og aðrar súkkulaðis- og syk-urvörur, bakara- og kókugerðarvörur, nýlenduvörur, te, kaffi, ger, bökunar-duft, salt, edik, síróp, hunang og krydd.

Skrás. 1926, nr. 10.

Tilkynt 20. febr. 1926, kl. 12 á h., af A/S Levanger Melkefabrik, verslun, Levanger í Noregi, og skrásett 5. mars s. á.



Á ferstrendum, aflöngum einkennismiða er sýnd landslagsmynd með háfjöll og jökla, trje og stöðuvatn. Á bandi, neðarlega á myndinni, stendur orðið: JÖKEL, og þar fyrir neðan tilgreining um vöruna.

Samkvæmt tilkynningu 14. janúar 1925, er merkið skrásett í Oslo 22. apríl s. á., fyrir niðursoðnar matvörur, og er tilkynnandi fyrst 1. desbr. orðinn eigandi merkisins, samkv. útskrift úr norsku vörumerkjaskránni.

Skrás. 1926, nr. 11.

157

Tilkynt 24. febrúar 1926, kl. 3 síðd., af Vacuum Oil Company A/S, verslun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 5. mars s. á.

VACUOLINE

Orðið: VACUOLINE.

Samkvæmt tilkynningu 28. júní 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. júlí s. á., fyrir nafta, olíu, feiti, vax, gasolin, bensín, allar steinolútegundir og þesskonar afurðir, sem Vacuum Oil Company í New York framleiðir

Skrás. 1926, nr. 12.

Tilkynt 24. febrúar 1926, kl. 3 síðd., af sama. og skrásett 5. mars s. á.

HECLA

Orðið: HECLA.

Samkvæmt tilkynningu 28. júní 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. júlí s. á., fyrir nafta, olíu, feiti, vax, gasolin, bensín, allar olíutegundir og þesskonar afurðir, sem Vacuum Oil Company í New York framleiðir.

Skrás. 1926, nr. 13.

Tilkynt 24. febrúar 1926, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 5. mars s. á.

VOCO

Orðið: VOCO.

Samkvæmt tilkynningu 12. júlí 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. júlí s. á., fyrir nafta, olíu, feiti, vax, gasolin, bensín, allar steinolútegundir og þesskonar afurðir,

Skrás. 1926, nr. 14.

Tilkynt 24. febrúar 1926, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 5. mars s. á.

ETNA

Orðið: ETNA.

Samkvæmt tilkynningu 28. júní 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. júlí s. á., fyrir nafta, olíu, feiti, vax, gasolin, bensín, allar steinolíutegundir og þesskonar afurðir, sem Vacuum Oil Company í New York framleiðir.

Skrás. 1926, nr. 15.

Tilkynt 24. febrúar 1926, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 5. mars s. á.

Almo

Orðið: ALMO.

Samkvæmt tilkynningu 17. maí 1918, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 8. júní s. á., fyrir allskonar olíur, vax og feiti. Samkv. útskrift úr dönsku vörumerkjaskránni, hefir tilkynnandi fyrst orðið eigandi merkisins 20 nóv. 1919.

Skrás. 1926, nr. 16.

Tilkynt 24. febrúar 1926, kl. 3 síðd., af Chesebrough Manufacturing Company, Consolidated, verksmiðjurekstur, New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 5. mars s. á.

Vaseline

Samkvæmt tilkynningu 14. júlí 1920, er merkið skrásett í Washington 15. mars 1921 fyrir steinolíuhlaup, karbolsteinolíuhlaup, ilmandi Whitesteinolíuhlaup, bórsúrt steinolíuhlaup, kamfóru-steinolíuhlaup, Capsicum

steinolíuhlaup, Eucalyptel steinolíuhlaup, Mentol-steinolíuhlaup, kamfóruís, kamfórusmyrsl, Cold cream, Analgie, hármæðul, lyfjaolíur úr steinolíu, „ben-sonuð sinksýrusmyrsl, hársmyrsl, White steinaefnis lyfjaolíu, Quinine-hársmyrsl og steinaefnis lyfjaolíur.

157

Skrás. 1926, nr. 17.

Tilkent 8. mars 1926, kl. 1 síðd., af Vacuum Oil Company Aktiebolag, verslun, Stockholm í Svíþjóð, og skrásett 26. s. m.

600W

Í rjetthyrndum, aflöngum ferhyrningi stendur: 600 W.

Samkvæmt tilkynningu 2. febrúar 1920, er merkið skrásett í Stokk-hólmi 17. s. m. fyrir allskonar olíur, feiti og vax og þesskonar afurðir til smurninga, ljósa, hitunar og eldunar, ennfremur fyrir gasolin og aðrar afurðir til orkuframleiðslu.

Skrás. 1926, nr. 18.

Tilkent 17. mars 1926, kl. 11 árdegis, af Vacuum Oil Company, verslunarfélag, New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 26. s. m.

ARCTIC

Orðið: ARCTIC.

Samkvæmt tilkynningu 9. ágúst 1919, er merkið skrásett í Washington 25. maí 1920 fyrir allskonar olíur, feiti og vax og þesskonar afurðir, til smurninga, ljósa, hitunar og eldunar, svo og fyrir gasolin.

Skrás. 1926, nr. 19.

Tilkent 17. mars 1926, kl. 11 árd., af General Motors Corporation, bifreiðarverksmiðja, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku og skrásett 26. s. m.

CADILLAC

Orðið: CADILLAC.

- 157** Samkvæmt tilkynningu 27. júní 1924, er merkið skrásett í Washington 4. ágúst 1925 fyrir bifreiðar.

Skrás. 1926, nr. 20.

Tilkynt 17. mars 1926, kl. 11 árd., af sama og skrásett 26. s. m.

BUICK

Orðið BUICK.

Samkvæmt tilkynningu 18. september 1924, er merkið skrásett í Washington 2. júní 1925 fyrir vjelknúða vagna.

Skrás. 1926, nr. 21.

Tilkynt 17. mars 1926, kl. 11 árd., af sama og skrásett 26. s. m.



Á miða með tólf hliðum stendur orðið: CHEVROLET.

Samkvæmt tilkynningu 5. apríl 1924, er merkið skrásett í Washington 30. september s. á. fyrir bifreiðar, vjelvagna og hluta úr þeim.

Skrás. 1926, nr. 22.

Tilkynt 16. mars 1926, kl. 3 sídd., af Robert Allen Pattriouex and Charles Herbert Pattriouex, trading as Joseph A. Pattriouex, verksmiðju-rekstur, Manchester, Englandi, og skrásett 16. apríl s. á.

TRAWLER

Orðið TRAWLER.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er merkið skrásett í London 4. janúar 1896, 45. flokki, fyrir unnið og óunnið tóbak, og hefir sú skrásetning síðan verið endurnýjuð. Tilkynnandi er fyrst skráður sem eigandi merkisins 14. febrúar 1923.

Skrás. 1926, nr. 23.

157

Tilkynnt 15. apríl 1926, kl. 4 síðd., af Osakeyhtiö Savo, verksmiðjurekstur, Kuopio í Finnlandi, og skrásett 30. s. m.



Ferstrendur, gulur einkennismiði. með svartri rönd, en þar fyrir innan eru mjó, svört þverstrík. Á miðjum miðanum er langur, rauður fyrhyrningur með hvössum hornum, og snúa stærstu hornin upp og niður. Í rauða ferhyrningnum stendur í miðju orðið: ULRIKA, og í gula reitnum stendur til vinstri undir ferhyrningshliðinni: Safty Matches, en til hægri: Made in Finland.

Samkvæmt tilkynningu 31. júlí 1923, er merkið skrásett í Helsingfors fyrir eldspítustokka og umbúðir.

Skrás. 1926, nr. 24.

Tilkynnt 15. apríl 1926, kl. 4 síðd., af sama og skrásett 30. s. m.



Á ferstrendum miða sjest, innan um skrautreiti, kringla, en á henni stendur orðið: SAVO, og þar fyrir neðan er sól. Á bogadregnu bandi yfir kringlunni stendur orðið: IMPREGNATED, en á skrautreitnum beggja megin: Trade Mark og: Safety Match. Neðst er breiður skrautreitir með orðunum NON POISONOUS — Manufactured in Finland — Avarage contents 50 matches.

Merkið er skrásett í Helsingfors 2. júlí 1920 fyrir eldspýtur.

157

Skrás. 1926, nr. 25.

Tilkynnt 30. apríl 1926, kl. 2 síðd., af Vacuum Oil Company, verslunarfjelag, New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku og skrásett 20. maí s. á.

D. T. E.

Stafirnir. D. T. E.

Samkvæmt tilkynningu 9. ágúst 1919, er merkið skrásett í Washington 25. maí 1920, fyrir allskonar olíur, feiti efni, vax og þesskonar afurðir til smurninga, ljósa, hitunar og kyndingar, ennfremur fyrir gasólín.

Skrás. 1926, nr. 26.

Tilkynnt 4. maí 1926, kl. 5 síðd., af The Pepsodent Company, verslunarfjelag, Chicago í Illinois, Bandaríkjum N.-Ameríku og skrásett 29. s. m.

Pepsodent

Orðið: P e p s o d e n t.

Samkvæmt tilkynningu 9. desember 1915, er merkið skrásett í Washington 2. maí 1916, fyrir tannduft.

Skrás. 1926, nr. 27.

Tilkynnt 15. maí 1926, kl. 11 árd., af Orientalische Tabak-und Zigaretten fabrik „Yenidze“, Inhaber Hugo Zietz, G. m. b. H., tóbaksverksmiðja, Dresden á Þýskalandi. og skrásett 31. s. m.

Adagio

Orðið: A d a g i o.

Samkvæmt tilkynningu 14. apríl 1905, er merkið skrásett í Berlín 27. maí s. á., fyrir hrátóbak, reyk-, munn- og neftóbak, vindla vindlinga, og vindlingapappír, og hefir skrásetning sú síðast verið endurnýjuð 9. apríl 1925.

Skrás. 1926, nr. 28.

Tilkynt 15. maí 1926, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 31. s. m.

157

Salem Gold

Orðið: Salem Gold.

Samkvæmt tilkynningu 30. ágúst 1910, er merkið skrásett í Berlín 14. október s. á., fyrir hrátóbak, reyk-, munn- og neftóbak, vindla, smávindla, vindlingapappír og vindlingaumbúðir.

Skrás. 1926, nr. 29.

Tilkynt 15. maí 1926, kl. 11 árd., af Pillsbury Flour Mills Company, verksmiðjurekstur, Minneapolis í Minnesota, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 31. s. m.

Pillsbury's
NORTHERN KING

Orðin: NORTHERN KING, en þar fyrir ofan, bogadregið, orðið: Pillsbury's.

Samkvæmt tilkynningu 24. febr. 1925, er merkið skrásett í Washington 29. september s. á. fyrir hveitimjöl.

Skrás. 1926, nr. 30.

Tilkynt 15. maí 1926, kl. 11 árd. af sama, og skrásett 31. s. m.




Innan í hring, er myndast af tvísettri deplaröð, stendur orðið: BEST, og þar fyrir neðan: XXXX. Efst innan í hringnum stendur bogadregið orðið: Pillsbury's, en neðst, sömuleiðis bogadregin orðin: Minneapolis Minn.

- 157 Samkvæmt tilkynningu 7. febrúar 1919, er merkið skrásett í Washington 19. ágúst s. á. fyrir hveitimjöl.

Skrás. 1926, nr. 31.

Tilkýnt 15. maí 1926, kl. 3 síðd., af Tóbaksverslun Íslands, h/f, Reykjavík, og skrásett 31. s. m.



Ferhyrndur einkennismiði með bogadregnum hornum. Ystu brúnir miðans eru hvítar, en þar innan við er gylt umgerð, en innan við hana standa efst á gulum grunni orðin: JÓN SIGURÐSSON, með svörtum bókstöfum, en undir nafninu er mynd af Jóni Sigurðssyni forseta, í hvítum og dökkum litum. Um myndina er upphleypt, gylt umgerð, en yfir henni liggja gyltar lár-


viðargreinar sín hvoru megin, tengdar saman með gyltum borða. Efst í umgerðinni er gylt stjarna á gulum grunni innan í gyltum hring.

157

Vörumerkið er skrásett fyrir allskonar vindla og umbúðir um þá.

Skrás. 1926. nr. 32.

Tilkynt 29. júní 1926, kl. 11 árd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 6. júlí s. á.



Fíll sitjandi á stól, með plástur á bakinu; í rananum heldur hann á spjaldi, sem myndar samsíðung, en á spjaldinu standa orðin MARQUE ELEFANT, bogadregin, síðara orðið á svörtu bandi fyrir neðan hið fyrra; þar fyrir neðan er lítill hringur, og innan í honum merki, sem tákna á samsetningu stafana V og P.

Merkið er skrásett fyrir allskonar gigtarplástra.

Skrás. 1926, nr. 33.

Tilkynt 12. júlí 1926, kl. 5 síðd., af C. Schon's Fabrikker A/S, verksmiðjurekstur, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 17. s. m.

Kit—Kat

Orðið: Kit—Kat.

Samkv. tilkynningu 21. apríl 1923, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 12. maí s. á. fyrir allskonar sápur, þvottaduft og allskonar hreinsunarefni.

Skrás. 1926, nr. 34.

Tilkynt 12. júlí 1926, kl. 5 síðd., af Fabrikken Ilka, A/S. (Dansk Hus- holdnings Industri), verksmiðjurekstur, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 17. s. m.

Flik-Flak

Orðið: Flik-Flak.

Samkvæmt tilkynningu 30. október 1923, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 24. nóvember s. á. fyrir þvottaduft, sápur, fægismyrsl, fegurðarlyf, allskonar hreinsunarefni og kerti.

Skrás. 1926, nr. 35.

Tilkynt 12. júlí 1926, kl. 5 síðd., af S/S. Schreiber & Carl Petersen junr's Fabrikker, sápuverksmiðja, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 17. s. m.



Ferstrendur miði, þar sem stendur skáhalt: „SVOVL MÆLK-SÆBE“. Í efra horni miðans stendur: „Kommunelæge Linde's Recept 10%“, og í neðra horni: „Den af os tilberedte Svovlmælksæbe efter Kommunelæge Lindes Recept, er et virkeligt virksomt Middel mod Filipenser, Hudorme og andre Hudurenheder. Pris 60 Öre pr. Stk. Enefabrikanter: A/S. Schreiber & Carl Petersen jrs Fabriker, Köbenhavn“.

Samkv. tilkynningu 11. maí 1917, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 16. júní s. á., og er tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 7. september 1920.

Skrás. 1926, nr. 36.

157

Tilkent 4. ágúst 1926, kl. 11 árd., af Rishworth, Ingleby & Lofthouse, Limited, hveitimjölsiðnaður, Swan Flour Mills, Hull, Englandi, og skrásett 27. s. m.


“SWAN FLOUR”

Orðin: „SWAN FLOUR“

Merkið er skrásett í London 18. maí 1885, 42. flokki, fyrir hveitimjöl, og er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 4. des 1900.

Skrás. 1926, nr. 37.


Tilkent 4. ágúst 1926, kl. 11 árd., af Cavanders's Limited, tóbaksiðnaður, London, Englandi, og skrásett 27. s. m.



Hvítur, ferhyrndur flötur með svart-hvítri, mjórri umgerð. Efst í fletinum er letrað orðið: *Army Club*. Þar fyrir neðan er skjaldarmerki með krossi í miðju og fyrir ofan hjálmur og krosslögð tvö sverð, en sitt til hvorrar handar skjaldarmerkinu eru bönd, er liðast niður með því. Neðst í fletinum er prentað með smáu lettri: Cavander's Limited, England. Næst fletinum til hægri handar, er lóðrjettur mjór, hvítur flötur með svartri umgerð, og innan umgerðariunnar áletrunin: *Army Club Cigarettes*, en við hliðina á síðasttöldum fleti, er brjóstmynd af liðsforingja í hermannabúningi, reykjandi cigarettu, en fyrir neðan myndina standa orðin: *Army Club*.

Samkvæmt tilkynningu 23. júní 1925, er merkið skrásett í London 13. apríl 1926, 45. flokki, fyrir sígarettur.

Tilkynnt 4. ágúst 1926, kl. 11 árd., af British-American Tobacco Company, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 27. s. m.



Aflangur flötur, sem er skift í þrjá reiti. Í fyrsta reitnum stendur efst orðið: CHESS, þar fyrir neðan hvítur flötur með svörtum reiti í miðjunni, með skákmyndum til hvorrar handar, biskup til vinstri og riddara til hægri. Fyrir neðan þann flöt, er minni hvítur flötur, og er efst á honum áletrað: Hignett Bros. & Co. England. Í öðrum reitnum er svartur flötur með hvítri umgerð, og í þriðja reitnum er orðið: CHESS efst; þar fyrir neðan hvítur flötur með svörtum reit í miðjunni, með taflymyndinni konungur, en sitt til hvorrar handar taflymyndarinnar það og hrókur. Fyrir neðan þennan flöt er minni hvítur flötur, og er efst á honum áletrað: Hignett Bros. & Co. England.

Samkvæmt tilkynningu 6. nóvember 1925, er merkið skrásett í London 29. mars 1926, 45. flokki, fyrir unnið tóbak.

Tilkynnt 27. ágúst 1926, kl. 11 árd., af Mjólkurfjelag Reykjavíkur, verslunarfjelag, Reykjavík, og skrásett 4. september s. á.



Mynd af fornlegri, handsnúinni kornkvörn. Maður stendur við kvörnina og er að mala. Til beggja handa við myndina, standa orðin: VÖRUMERKI. Merkið er hringmyndað.

Merkið er aðeins skrásett fyrir malað korn.

Skrás. 1926, nr. 40.

157

Tilkynt 6. september 1926, kl. 6 sídd., af General Motors Corporation, verslunarfjélag. Detroit í Michigan, Bandaríkjum, N.-Ameríku, og skrásett 10. s. m.




Mynd, er sýnir báðar hliðar af minnispeningi, öðru megin standa orðin: PONTIAC og CHIEF OF THE SIXES, fyrir ofan og neðan indíánahöfuð; hinu megin stendur: PRODUCT OF GENERAL MOTORS, innan í blómsveig.

Samkvæmt tilkynningu 4. mars 1926, er merkið skrásett í Washington 20. júlí s. á. fyrir bifreiðar, og eru orðin Pontiac-Chief of the Sixes að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

Skrás. 1926, nr. 41.

Tilkynt 6. september 1926, kl. 6 sídd., af sama, og skrásett 10. s. m.




Ferstrendur blár miði með lárjettum strikum í hvítri ungerð. Yfir miðann stendur skáhalt orðið: BUICK, með hvítu ritletri.

Samkvæmt tilkynningu 18. september 1924, er merkið skrásett í Washington 18. ágúst 1925 fyrir bifreiðar, og ber að skoða orðið Buick, sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund,

Skrás. 1926, nr. 42.

Tilkynt 6. september 1926, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 10. s. m.



Gulur eða gyltur skjöldur, sem skift er í fjóra reiti, með kórónu ofan á. Í reitunum efst til vinstri og neðst til hægri eru þrír fuglar, og er einn þeirra fyrir neðan svart band á miðjum reitnum, en hinir tveir fyrir ofan það. Í hinum tveimur reitunum eru fjórir ferhyrningar, tveir þeirra dökk-rauðir, en hinir tveir eru blá-hvít- og gylt-röndóttir.

Samkvæmt tilkynningu 27. júní 1924, er merkið skrásett í Washington 4. ágúst 1925 fyrir bifreiðar.

Skrás. 1926, nr. 43.

Tilkynt 7. september 1926, kl. 3 síðd., af Samband íslenskra samvinnufjelaga, verslunarrekstur, Reykjavík, og skrásett 10. s. m.




Innan í ósamfeldum þríhyrning standa upphafsstafirnir: S Í S.

Skrás. 1926, nr. 44.

157


Tilkjnt 14. september 1926, kl. 4 síðd., af Ole O. Tynes, útgerðarmanni, Siglufirði, og skrásett 25. s. m.



Stafirnir O og T samandregnir þannig, að T-ið er sett ofan í O-ið og nær bæði upp fyrir og niður fyrir það.

Skrás. 1926, nr. 45.

Tilkjnt 14. september 1926, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 25. s. m.



Hringmyndað merki. Merkinu er skift í efri og neðri helming, með tveimur lárjettum línunum, og er breitt bil á milli þeirra. Í efri helming merkisins standa stafirnir O og T saman dregnir, og uppi yfir þeim kóróna, er nær lítið eitt út fyrir umgerð merkisins. Báðum megin við OT-merkið er stjarna. Í neðri helming merkisins standa orðin: *Ole Tynes*, lárjett og í boga, meðfram umgerðinni, orðin: *Siglufjord-Island*, alt með svörtu lettri. Á milli lárjettu línanna í merkinu standa orðin: POLAR BRAND, með rauðu lettri.

Merkið er skrásett fyrir síld og aðrar sjávarafurðir, er tilkynnandi framleiðir.

Tilkýnt 14. september 1926, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 25. s. m.



Hringmyndað merki. Merkinu er skift í efri og neðri helming, með tveimur lárjettum línunum, og er breitt bil milli þeirra. Í efri helming merkisins standa stafirnir O og T, saman dregnir, og uppi yfir þeim kóróna, er nær lítið eitt út fyrir umgerð merkisins. Báðum megin við OT-merkið er stjarna. Í neðri helming merkisins standa orðin: *Ole Tynes*, lárjett, og í boga, meðfram umgerðinni, orðin: *Sigluvfjord-Island*, alt með svörtu lettri. Á milli lárjettu línanna í merkinu standa orðin: VITAM BRAND, með rauðu lettri.

Merkið er skrásett fyrir síld og aðrar sjávarafurðir, er tilkynnandi framleiðir.

Tilkýnt 14. september 1926, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 25. s. m.



Hringmyndað merki. Merkinu er skift í efri og neðri helming, með tveimur lárjettum línunum, og er breitt bil milli þeirra. Í efri helming merkis-

ins standa stafirnir O og T, saman dregnir, og uppi yfir þeim kóróna, er nær lítið eitt út fyrir umgerð merkisins. Báðum megin við OT-merkið er stjarna. Í neðri helming merkisins standa orðin: *Ole Tynes*, lárjett, og í boga, meðfram umgerðinni, orðin: *Siglufjord-Island*, alt með svörtu lettri. Á milli lárjettu línanna í merkinu standa orðin: SVEA BRAND, með rauðu lettri.

Merkið er skrásett fyrir síld og aðrar sjávarafurðir, er tilkynnandi framleiðir.

Skrás. 1926, nr. 48.

Tilkynt 14. september 1926, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 25. s. m.



Hringmyndað merki. Merkinu er skift í efri og neðri helming, með tveimur lárjettum línunum, og er breitt bil milli þeirra. Í efri helming merkisins standa stafirnir O og T, saman dregnir, og uppi yfir þeim kóróna, er nær lítið eitt út fyrir umgerð merkisins. Báðum megin við OT-merkið er stjarna. Í neðri helming merkisins standa orðin: *Ole Tynes*, lárjett, og í boga, meðfram umgerðinni, orðin: *Siglufjord-Island*, alt með svörtu lettri. Á milli lárjettu línanna í merkinu standa orðin: ARCTIC BRAND, með rauðu lettri.

Merkið er skrásett fyrir síld og aðrar sjávarafurðir, er tilkynnandi framleiðir.

Skrás. 1926, nr. 49.

Tilkynt 22. september 1926, kl. 11 árd., af W. M. Livens & Company, Limited, verksmiðjurekstur, Newcastle-on-Tyne, Englandi, og skrásett 30. s. m.

College

Orðið: College.

- 157 Merkið er skrásett í London 23. maí 1908, 42. flokki, fyrir sælgæti, karamellur og sætindi, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 23. maí 1922. samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 11. júlí 1921.

Skrás. 1926, nr. 50.

Tilkynt 22. september 1926, kl. 11 árd., af American Chiclets Company, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 30. s. m.

Chiclets

Orðið: Chiclets ritað með skrautstöfum.

Samkvæmt tilkynningu 28. júní 1905, er merkið skrásett í Washington 5. desember s. á. fyrir munngúm, og er orðið „Chiclets“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund. — Samkvæmt úrskrift úr vörumerkjaskrá Bandaríkjanna, er tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 7. nóvembr. 1921, og endurnýjuð skrásetning farið fram 5. desember 1925.

Skrás. 1926, nr. 51.

Tilkynt 22. september 1926, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 30. s. m.



SEN-SEN

Á ilöngum, dökkum miða standa orðin: SEN-SEN, með hvítum stöfum, og er fyrsti stafurinn í hverju orði um sig stærri en hinir.

Samkvæmt tilkynningu 3. september 1897, er merkið skrásett í Washington 9. nóvember s. á. fyrir munngúm, og er orðið „Sen-Sen“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund,

Skrás. 1926, nr. 52.

157

Tilkynt 22. september 1926, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 30. s. m.



Orðin: SEN-SEN, er standa fyrir ofan og neðan skáband með lykkju á miðjunni.

Samkvæmt tilkynningu 23. mars 1911, er merkið skrásett í Washington 19. september s. á. fyrir munngúm og „Cachou“, og eru orðin „Sen-Sen“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1926, nr. 53.

Tilkynt 22. september 1926, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 30. s. m.



Ílangur, skástrikaður miði, þar sem standa lengst til vinstri orðin: ADAMS PEPSIN-MINT GUM, í þrem línum, en til hægri er skáferhyrningur með orðunum: The Original Chicle Gum, einnig í þrem línum. Milli áður-nefndra orða og skáferhyrningsins standa orðin: Peppermint Flavor, í tveim línum neðan til á meðanum. Skástrikin á grunni miðans eru rauð og græn.

Samkvæmt tilkynningu 6. maí 1925, er merkið skrásett í Washington 29. desember s. á. fyrir munngúm, og er orðið: ADAMS að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Skrás. 1926, nr. 54.

Tilkynt 8. nóvember 1926, kl. 3 síðd., af Mjólkurfjelagi Reykjavíkur, verslunarfjelag, Reykjavík, og skrásett 23. s. m.



Mynd af tveimur konum með eggjakörfur, nokkrum hæsnum og umgirtu hæsna húsi. — Merkið er á aflöngum, hvítum grunni, með bogadregnum hornum að ofan. Svört umgerð er um grunninn og er á hann letrað með hvítum upphafsstöfum: „*Sá verður alt af fyrstur að fylla eggjakörfunna, sem notar blandað hæsna fóður frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur*“.

Merkið er skrásett fyrir blandað hæsna fóður.

Skrás. 1926, nr. 55.

Tilkynt 27. nóvember 1926, kl. 11 árd., af The Studebaker Corporation, verksmiðjurekstur, South Bend í Indíana, Bandaríkjunum N.-Ameríku, og skrásett 7. desember s. á




Hringmyndaður miði, þar sem á bandi yfir miðju stendur orðið: ER-**157**
SKINE, en í reitunum fyrir ofan og neðan er mynd af fjórblöðuðum smára.

Samkvæmt tilkynningu 30. ágúst 1926, er merkið skrásett í Washington fyrir bifreiðar, og er orðið „Erskine“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

Skrás. 1926, nr. 56.

Tilkynt 21. desember 1926, kl. 4 síðd., af A/S A. S. Stephansen, verk-
smiðjurekstur, Espeland pr. Bergen, Noregi, og skrásett 28. s. m.



Veifa með bókstafnum S, en fyrir ofan stendur orðið: JANUS.

Samkvæmt tilkynningu 4. mars 1909, er merkið s. á. skrásett í Osló fyrir
tilbúinn prjónafatnað, og er orðið: „Janus“ að skoða sem sjerstaka tilbúið
heiti fyrir þá vörutegund.

Samkvæmt 10. gr. laga 13. nóvbr. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind
merki verið endurnýjuð á árinu:

Skrás. 1916, nr. 1.

Geir Thorsteinsson, Reykjavík, frá 12. febrúar.

Skrás. 1916, nr. 2.

De forenede Bryggerier A/S, Köbenhavn, frá 22. febrúar.

Skrás. 1916, nr. 3.

G. Eiríkss, Reykjavík, frá 26. febrúar.

Skrás. 1916, nr. 4.

H/f Kveldúlfur, Reykjavík, frá 4. mars.

157

Skrás. 1916, nr. 5.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1916, nr. 6.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1916, nr. 7.

F. Hjorth & Co., Köbenhavn, frá 29. júlí.

Skrás. 1916, nr. 8.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1916, nr. 9.

James Buchanan & Co., London, frá 18. október.

Skrás. 1916, nr. 10.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1916, nr. 11.

Jóseph Watson & Sons, Ltd., Leeds, frá 24. nóvember.

Ennfremur hefir verið a f m á ð úr vörumerkjaskránni, samkv. 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1916, nr. 12.

Aitken, Melrose & Company, Ltd., Edinburgh, frá 18. desember 1926.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1926.